

9. maí 2010

## Menntaskólinn Hraðbraut tekur við nýnemum vegna skólaársins 2011-2012

Eigendur Menntaskólans Hraðbrautar hafa ákveðið að haga skólastarfi með eðlilegum hætti veturinn 2011-2012 og taka við umsóknum nýnema á fyrra námsár. Margar fyrirspurnir hafa borist skólanum vegna innritunar og umsóknir eru þegar farnar að berast frá grunnskólanemum sem hyggjast setjast á skólabeck í Hraðbraut í haust.

Þjónustusamningur mennta- og menningarmálaráðuneytis við Hraðbraut hefur verið framlengdur til miðs árs 2012. Samningurinn kveður einungis á um kaup ráðuneytisins á þjónustu skólans vegna nemenda á öðru ári en eigendur skólans munu ábyrgjast persónulega áframhaldandi rekstur skólans næsta skólaár bæði gagnvart nemendum sem þjónustusamningurinn tekur til og gagnvart þeim nýnemum sem verða teknir inn á fyrra námsár í haust.

Skólagjald fyrir hvern nemanda verður 249.000 krónur fyrir skólaárið 2011-2012. Það er um 10% hækkun frá því sem verið hefur.

Fréttir af andláti Menntaskólans Hraðbrautar eru því stórlega ýktar! Pólítísk atлага ráðherra og ráðuneytis mennta- og menningarmála hefur vissulega stórskaðað rekstur skólans og ímynd. Einnig hefur atлага ráðherra með ósanngjörnum hætti skaðað nemendur skólans og skólastarfið mikið en þrátt fyrir afar ómálefnalega atlögu eru aðstandendur skólans staðráðnir í að láta þessi öfl ekki knésetja sig.

Mikill áhugi og fyrirliggjandi umsóknir staðfesta að Hraðbraut á svo sannarlega tilverurétt, enda geta nemendur lokið þar námi mun fyrr en í öðrum framhaldsskólum, ef þeir kjósa svo.

Eðli máls samkvæmt ættu stjórnvöld líka að kunna að meta það að rekstur Hraðbrautar kostar ríkisjóð minna en rekstur annarra framhaldsskóla í landinu en fram hjá því er horft í mennta- og menningarmálaráðuneytinu í nafni pólítíks rétttrúnaðar sem þar ríkir.

Fyrir hönd Menntaskólans Hraðbrautar,

Ólafur Haukur Johnson skólastjóri.